

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. júlí 1973

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(73/241/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 227. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í landslögum er tilteknum heitum haldið fyrir ýmsar vörur úr kakói, samsetning þeirra og framleiðsluforskriftir skilgreindar og mælt fyrir um að þessi heiti skuli notuð þegar vörurnar eru settar á markað.

Ófrávíkjanleg ákvæði gilda einnig um umbúðir í tilteknum aðildarríkjum.

Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna hindrar frjálsa flutninga ólíkra tegunda af kakó- og súkkulaðivörum og kann það að hafa í för með sér ójafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja og haft þannig bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Því er nauðsynlegt að samræma ákvæði um þessar vörur og mæla fyrir um skilgreiningar og almennar reglur um samsetningu þeirra, framleiðsluforskriftir, umbúðir og merkingu til að tryggja frjálsa flutninga þeirra.

Í þessari tilskipun er þó ekki mögulegt að samhæfa öll þau ákvæði um matvæli er kunna að hindra viðskipti með kakó- og súkkulaðivörur, en hindrunum sem enn eru fyrir hendi af þessu sökum mun smám saman fækka eftir því sem ákvæði um matvæli í landslögum verða samhæfðari.

Til að vernda neytendur í tilteknum aðildarríkjum er lýsingin „halbbitter“ notuð um súkkulaði sem hefur hátt lágmarksinnihald tiltekinna innihaldsefna. Ekki er hentugt að nota þessa lýsingu alls staðar í bandalaginu. Því virðist við hæfi að kveða á um að þessari lýsingu sé haldið í þrjú ár fyrir súkkulaði sem í er sérstaklega hátt lágmarksinnihald af kakópurrefnum.

Í tilteknum aðildarríkjum er heimilt að nota aðra jurtafitu en kakósmjör í súkkulaðivörur og er sú heimild notuð í ríkum mæli. Þó er ekki unnt sem stendur að taka ákvörðun um hugsanlega notkun þessarar fitu alls staðar í bandalaginu né heldur hvernig staðið skuli að slíkri útfærslu, þar sem tiltækar efnahagslegar og tæknilegar upplýsingar leyfa ekki að endanleg afstaða sé tekin til þessa. Því verður að endurskoða stöðuna í ljósi væntanlegrar þróunar.

Þótt nú þegar sé unnt að mæla fyrir um þyngdarflokka fyrir súkkulaðivörur sem seldar eru í plötum eða stöngum er það enn ekki mögulegt fyrir vörur úr kakódufti þar sem val mismunandi þrepa í þessu tilviki krefst nánari athugana sem enn hefur ekki reynst unnt að ljúka og því verður þetta val að eiga sér stað síðar.

Heitin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun á ýmsum kakó- og súkkulaðivörum eru í ákveðnum tilvikum önnur en þau sem notuð eru í einu eða fleiri aðildarríkjum. Því er æskilegt að gera neytendum kleift að venjast þessum nýju heitum með því að heimila að bæði nýju heitin og gildandi heiti séu notuð í tiltekinn tíma.

Ákvörðun greiningaraðferða sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að tilteknar vörur uppfylli skilyrði um hreinleika og ákvörðun um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og framleiðsluforskriftum á kakó- og súkkulaðivörum eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir og til að einfalda og hraða máls-

meðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

Æskilegt er, í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni umboð til að koma reglum um matvæli í framkvæmd, að kveðið sé á um hvernig koma skuli á nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 ⁽¹⁾.

Fyrirtæki geta breytt framleiðsluháttum sínum og losað sig við birgðir í síðasta lagi tveimur árum eftir að aðildarríkin hafa samþykkt nýjar reglur og skilgreiningar. Þó gerir notkun þyngdarflokka, sem mælt er fyrir um fyrir tiltekna gerðir umbúða, nauðsynlegt að breyta framleiðslutækjum í aðildarríkjunum og því ber að framlengja frestinn til að koma þessum reglum á þannig að hann verði þrjú ár.

Nauðsynlegt er að samþykkja sérstakar ráðstafanir svo taka megi til greina sérstöðu hinna nýju aðildarríkja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkja kakó- og súkkulaðivörur þær vörur sem ætlaðar eru til mannelis og skilgreindar eru í I. viðauka.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé heimilt að setja þær vörur sem um getur í 1. gr. í sölu ef þær eru í samræmi við skilgreiningar og reglur í þessari tilskipun og I. viðauka hennar.

3. gr.

1. Heitin sem skráð eru í 1. mgr. I. viðauka skulu aðeins notuð yfir þær vörur sem skilgreindar eru í þeirri málsgrein og skulu notuð í viðskiptum til auðkenningar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

Þó er heimilt

— að nota heitin „pralina“ eða „cioccolato“ á Ítalíu og heitið „a chocolate“ á Írlandi og í Breska konungsríkinu fyrir suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, súkkulaði með gíandújahnetum, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum eða hvítt súkkulaði sem er einn munnbiti að stærð,

— að krefjast þess að á Írlandi og í Breska konungsríkinu sé heitið „milk chocolate“ notað til að lýsa þeim vörum sem skilgreindar eru í liðum 1.21 og 1.22 í 1. mgr. I. viðauka, að því tilskildu að heitinu fylgi í báðum tilvikum tilgreining á magni þurrmjólkur sem fengist hefur með uppgufun, og ákvarðað hefur verið fyrir báðar þessar vörur með áletruninni „milk solids: ... % minimum“.

2. Ákvæði undanfarandi málsgreinar hafa þó ekki áhrif á ráðstafanir sem heimila að nota þessi heiti aukreitis venju samkvæmt yfir aðrar vörur sem ekki má rugla saman við vörur skilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Óheimilt er að nota kakóbaunir sem eru skemmdar, óheilnæmar og í ósöluhæfu ástandi, kakóhýði, kakókím eða annan kakóúrgang, sem fenginn er með útdrætti með leysiefnum úr kakósmjöri, í framleiðslu á vörum skilgreindum í I. viðauka.

5. gr.

1. Ráðið skal ákvarða með samhljóða samþykki, að tilögu framkvæmdastjórnarinnar:

- skrána yfir leysiefni sem heimilt er að nota við útdrátt á kakósmjöri;
- hreinleikaskilyrði fyrir kakósmjör, leysiefni sem notuð eru við útdrátt á því og, ef þörf krefur, fyrir aðrar vörur sem eru notaðar sem aukefni eða meðhöndlunarefni og taldar eru upp í I. viðauka.

2. Þar til framkvæmdaráðstafanirnar sem um getur í alíð 1. mgr. öðlast gildi skulu aðildarríki ekki heimila nein leysiefni við útdrátt á kakósmjöri önnur en bensin 60/75, þekkt sem bensin B, eða aðalhluta þess í hreinu formi. Á meðan er aðildarríkjunum þó heimilt að viðhalda innlendum

ákvæðum sem leyfa önnur leysiefni varðandi vörur sem settar eru á markað á yfirráðasvæði þeirra.

3. Ef notkun eins þeirra efna sem um getur í 1. og 2. mgr. í vörunum sem um getur í 1. gr. eða ef magn eins eða fleiri innihaldsefna sem ákvörðuð eru í samræmi við b-lið 1. mgr. og er að finna í slíkum efnum kann að stofna heilsu manna í hættu er aðildarríki heimilt, í eitt ár hið mesta, að afturkalla leyfi til að nota þetta efni eða minnka leyfilegt hámark eins eða fleiri þeirra innihaldsefna er um ræðir. Það skal þegar í stað tilkynnt framkvæmdastjórninni sem hefur samráð við aðildarríkin.

Ráðið skal með samhljóða samþykki, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða án tafar hvort þörf er á að gera ráðstafanir og ef svo er skal það samþykkja nauðsynlegar breytingar með tilskipun. Ráðinu er einnig heimilt að framlengja ef þörf krefur, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, tímabilið sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein um eitt ár hið mesta.

6. gr.

1. Suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, súkkulaði með gíandújahnetum, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum, hvítt súkkulaði og fyllt súkkulaði, í plötum eða stöngum sem vega milli 85 g og 500 g stykkið, skal aðeins sett á markað í eftirfarandi þyngdum: 100 g, 125 g, 150 g, 200 g, 250 g, 300 g, 400 g og 500 g.

2. Ráðið skal, í síðasta lagi tveimur árum eftir birtingu þessarar tilskipunar og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, kveða á um einstaka þyngdarflokka vara sem um getur í liðum 1.8 – 1.13 í I. viðauka þegar þær eru settar á markað.

7. gr.

1. Einu upplýsingarnar sem skylt er að komi fram á umbúðum, flátum eða merkimiðum á þeim vörum er skilgreindar eru í I. viðauka og skulu vera áberandi, læsilegar og óafmáanlegar eru eftirfarandi:

a) frátekið heiti; þegar um ræðir vörur sem skilgreindar eru í lið 1.27 í 1. mgr. I. viðauka skal með þessu heiti fylgja upplýsingar til neytandans um fyllingu sem notuð er, samanber þó ákvæði sem kunna að gilda um hana;

b) upplýsingar um heildarinnihald kakópurrefna með áletruninni „minnst ... % kakó“ að því er varðar vörur sem tilgreindar eru í liðum 1.10, 1.11, 1.12, 1.13, 1.16, 1.17, 1.21 og 1.22 í 1. mgr. I. viðauka;

c) viðbótarupplýsingar um súkkulaðitegund eða -tegundir notaðar í fyllt súkkulaði og súkkulaði sem framleitt er úr súkkulaðivörum, öðrum en suðusúkkulaði og hjúpsúkkulaði. En ef um er að ræða súkkulaðikonfekt þarf þó því aðeins, í fimm ár eftir birtingu þessarar tilskipunar, að svo miklu leyti sem það er ekki skylt samkvæmt landslögum, að veita þessar viðbótarupplýsingar ef þessar vörur eru framleiddar úr sætu suðusúkkulaði, rjómasúkkulaði eða hvítu súkkulaði;

d) þar sem við á, það sem tilgreint er og krafist í 4. – 7. lið I. viðauka;

e) nettóþyngd, nema varan vegi minna en 50 g; þessi undantekning á ekki við um vörur sem vega minna en 50 g stykkið í umbúðum sem í eru tvö eða fleiri stykki og nettóþyngd með umbúðum er ekki undir 50 g; þegar um er að ræða holmótaðar vörur er heimilt að láta lágmarksnettóþyngd koma í stað þessara upplýsinga;

f) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð skrifstofa framleiðanda eða þökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið mun samþykkja um matvælamerkingu er aðildarríkjnum heimilt að viðhalda ákvæðum í landslögum þar sem krafist er upplýsinga um:

a) verksmiðju fyrir innanlandsframleiðslu;

b) upprunalandið, þó þessara upplýsinga kunni ekki að vera krafist fyrir vörur sem eru framleiddar í bandalaginu.

3. Aðildarríki skulu varast að setja nánari reglur en þær sem mælt er fyrir um í 1. mgr. um hvernig skuli veita upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að banna viðskipti á yfirráðasvæðum sínum:

- með vörur sem skilgreindar eru í I. viðauka ef merkingarnar sem mælt er fyrir um í a-, c- og d-lið 1. mgr. eru ekki sýndar á einni hlið umbúðanna eða ílátsins á tungumáli eða tungumálum landsins;
- með vörur sem skilgreindar eru í lið 1.22 í 1. mgr. I. viðauka ef tilgreiningin „milk chocolate“ er á umbúðunum.

8. gr.

Einungis er heimilt að bæta tilgreiningum eða lýsingarorðum við aðalheitin „suðusúkkulaði“ eða „mjólkursúkkulaði“ ef:

- a) í suðusúkkulaðinu eru að minnsta kosti 43% af kakóþurrefnum samtals og þar af að minnsta kosti 26% kakósmjör;
- b) í mjólkursúkkulaðinu eru í mesta lagi 50% af súkrósa og að minnsta kosti 30% af kakóþurrefnum samtals svo og 18% af þurrmjólk sem fengin er með uppgefum og þar af eru að minnsta kosti 4,5% smjörfita.

9. gr.

1. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 7. gr. er aðildarríkjum heimilt í fjögur ár eftir birtingu þessarar tilskipunar að leyfa að frátekna heitið sé sýnt á umbúðum, ílátum eða merkimiðum ásamt heitinu sem áður var notað í samræmi við venjur eða ákvæði í gildandi landslögum þegar tilskipunin var birt.

2. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skulu aðildarríki í þrjú ár frá birtingu þessarar tilskipunar takmarka notkun á merkingunni „halbbitter“ við súkkulaði sem í eru að minnsta kosti 50% samanlagt af kakóþurrefnum og þar af að minnsta kosti 18% kakósmjör.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting ósamhæfðra ákvæða í landslögum um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingu á þessum vörum sérstaklega, eða matvælum almennt, hindri ekki viðskipti með vörur sem um getur í 1.

gr. og eru í samræmi við skilgreiningar og reglur sem settar eru í þessari tilskipun og I. viðauka hennar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

- vernda almannahelbrigði,
- koma í veg fyrir misferli, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,
- vernda einkaréttindi á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsingar um upprunaland svo og upprunaheiti og til að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni.

11. gr.

Eftirfarandi skal ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.:

- a) aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að skilyrði um hreinleika sem um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr. séu uppfyllt;
- b) aðferðir við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að farið sé eftir reglunum sem eru settar í I. viðauka um samsetningu og framleiðsluforskriftir þessara vara.

12. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferðinni í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

- b) Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fyrir ráðið tillögur um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

13. gr.

Ákvæði 12. gr. skulu gilda í 18 mánuði frá þeim degi að telja þegar málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 12. gr.

14. gr.

1. Þessi tilskipun gildir einnig um vörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum og ætlaðar til neyslu í bandalaginu.
2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum:
 - a) sem nú heimila eða banna að annari jurtafitu en kakósmjöri sé bætt í súkkulaðivörur sem skilgreindar eru í I. viðauka. Í lok þriggja ára tímabilsins frá birtingu þessarar tilskipunar skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, taka ákvörðun um hugsanlega aukna notkun þessarar fitu alls staðar í bandalaginu og hvernig staðið skuli að slíku;
 - b) sem heimila eða banna smásölu á ýmsum súkkulaðivörum án umbúða;
 - c) sem banna markaðssetningu á súkkulaðistöngum sem vega milli 75 g og 85 g. Ráðið setur síðar, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, nánari reglur á þessu sviði sem öðlast gildi þremur árum eftir birtingu þessarar tilskipunar;
 - d) sem mæla fyrir um frjálssari reglur um merkingu í smásölu þegar um er að ræða glysvörur, svo sem skraut,

vindlinga- og eggлага súkkulaði og konfekt í lausavigt; í slíkum tilvikum er einungis heimilt að kveða á um að skilti sé sett upp hjá vörunum;

- e) sem gilda um sérfæði þar til bandalagsákvæði þar að lútandi taka gildi;
- f) sem heimila að aðrar súkkulaðivörur en þær sem skilgreindar eru í I. viðauka með merkingunni „súkkulaði framleitt úr rjóma“ eða „undanrennusúkkulaði“ séu hafðar til sölu.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um vörur sem taldar eru upp í 1. mgr. I. viðauka og ætlaðar eru til útflutnings frá bandalaginu.

15. gr.

Ef nauðsyn ber til skulu aðildarríkin breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar innan eins árs frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau lög sem þannig er breytt skulu gilda um vörur sem boðnar eru til sölu í aðildarríkjunum í tvö ár eftir birtingu þessarar tilskipunar.

Þó skal framlengja síðara tímabilið í þrjú ár að því er varðar beitingu 6. gr.

16. gr.

Tilskipun þessi tekur einnig til frönsku umdæmanna handan hafsins.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1973.

Fyrir hönd ráðsins,

I. NØRGAARD

forseti.

I. VIDAUKI

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1 *kakóbaunir*

fræ kakótrésins (*Theobroma cacao* L.) gerjuð og þurrkuð;

1.2 *kakókjarnar*

kakóbaunir, brenndar eða óbrenndar, sem innihalda, eftir að hafa verið hreinsaðar, flysjaðar og kím fjarlæggt, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., í mesta lagi 5% leifa af hýði eða kími og mest 10% af ösku – þetta hlutfall skal reiknað út frá þyngd fitusneydds þurrefnis;

1.3 *kakósalli*

kakóbaunir í smáögnum sem safnað er sérstaklega þegar hýði og kím er skilið frá, með að minnsta kosti 20% fituinnihaldi sem er reiknað út frá þyngd þurrefnisins;

1.4 *kakómassi*

kakókjarnar sem eru pressaðir saman í massa með vélrænum aðferðum án þess að tapa við það nokkru af náttúrulegu fituinnihaldi sínu;

1.5 *kakódeig*

kakókjarnar eða kakómassi sem breytt er í köku með vélrænum aðferðum sem inniheldur, með fyrirvara um skilgreininguna á fituskertu kakódeigi, að minnsta kosti 20% af kakósmjöri – þetta hlutfall skal reiknað út frá þyngd þurrefnisins – og í mesta lagi 9% af vatni;

1.6 *fituskert kakódeig*

kakódeig sem inniheldur að minnsta kosti 8% af kakósmjöri, reiknað út frá þyngd þurrefnisins;

1.7 *skrúfupressað kakódeig*

kakóbaunir, kakósalli með eða án kakókjarna eða kakódeig sem breytt er í köku með skrúfupressuáðferðinni;

1.8 *kakó, kakóduft*

kakódeig sem er framleitt með vökvaþrýstingi og breytt í duft með vélrænum aðferðum sem inniheldur, með fyrirvara um skilgreininguna á fituskertu kakódufti, að minnsta kosti 20% af kakósmjöri – þetta hlutfall skal reiknað út frá þyngd þurrefnisins – og í mesta lagi 9% af vatni;

1.9 *fituskert kakó, fituskert kakóduft*

kakóduft sem inniheldur að minnsta kosti 8% af kakósmjöri, reiknað út frá þyngd þurrefnisins;

1.10 *sykrað kakó, sykrað kakóduft*

varan er framleidd með því að blanda saman kakódufti og súkrósa þannig að í 100 g blöndu eru að minnsta kosti 32 g af kakódufti;

1.11 *kakóduft með miklu sykurinnihaldi (í drykki)*

varan er framleidd með því að blanda saman fituskertu kakódufti og súkrósa þannig að í 100 g blöndu eru að minnsta kosti 25 g af kakódufti;

1.12 *sykrað fituskert kakó, sykrað fituskert kakóduft*

varan er framleidd með því að blanda saman fituskertu kakódufti og súkrósa þannig að í 100 g blöndu eru að minnsta kosti 32 g af fituskertu kakódufti;

1.13 *fituskert kakóduft með miklu sykurrinnihaldi*

varan er framleidd með því að blanda saman fituskertu kakódufti og súkrósa þannig að í 100 g blöndu eru að minnsta kosti 25 g af fituskertu kakódufti;

1.14 *kakósmjör*

fitan sem fæst úr kakóbaunum eða hlutum þeirra og er í samræmi við eftirfarandi ákvæði: kakósmjör skal vera í einhverju eftirfarandi forma og með einu af eftirfarandi heitum:

— *pressað kakósmjör eða kakósmjör*

kakósmjör sem er framleitt með pressun úr einu eða fleiri eftirfarandi hráefnum:

kakókjörnum, kakómassa, kakódeigi, fituskertu kakódeigi.

Það einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| — innihald ósápanlegs efnis er ákvarðað með því að nota bensin | mest 0,35% |
| — súrleiki | mest 1,75%
(gefið upp sem olúsýra) |

— *skrúfupressað kakósmjör*

kakósmjör sem er framleitt með því að pressa með skrúfu (skrúfupressuaðferðin) kakóbaunir einar sér eða með kakókjörnum, kakómassa, kakódeigi eða fituskertu kakódeigi.

Það einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| — innihald ósápanlegs efnis er ákvarðað með því að nota bensin | mest 0,50% |
| — súrleiki | mest 1,75%
(gefið upp sem olúsýra) |

— *hreinsað kakósmjör*

kakósmjör sem er framleitt með pressun, með skrúfupressun (skrúfupressuaðferðin), með útdrætti með leysiefnum, eða öllum þessum aðferðum, úr einu eða fleiri eftirfarandi hráefnum:

kakóbaunum, kakókjörnum, kakósalla, kakómassa, kakódeigi, fituskertu kakódeigi, skrúfupressuðu deigi og sem er hreinsað í samræmi við ákvæði b-liðar 3. mgr.; þegar kakófita, sem unnin er annaðhvort af framleiðanda „hreinsaðs kakósmjör“ eða öðrum framleiðanda, er notuð sem aukahræfni skal hún framleidd úr ofanefndum hráefnum.

Það einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| — innihald ósápanlegs efnis er ákvarðað með því að nota bensin | mest 0,50% |
| — súrleiki | mest 1,75%
(gefið upp sem olúsýra) |

— fita úr hýði og kími

að hlutfalli ekki hærra en nátt-
úrlegt innihald í kakóbaunum

1.15 kakófitu

fitu framleidd úr kakóbaunum eða kakóbaunahlutum sem hefur ekki þá eiginleika sem mælt er fyrir um í ýmsum flokkum kakósmjör;

1.16 suðusúkkulaði

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbótar af kakósmjöri, sem í er, með fyrirvara um skilgreininguna á súkkulaðispænum, súkkulaði með gíandújahnetum og hjúpsúkkulaði, að minnsta kosti 35% samanlagt af kakóþurrefnum – að minnsta kosti 14% af fitusnauðum kakóþurrefnum og 18% af kakósmjöri – þetta hlutfall skal reiknað út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá;

1.17 sætt suðusúkkulaði

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbótar af kakósmjöri, sem í er að minnsta kosti 30% samanlagt af kakóþurrefnum – að minnsta kosti 12% af fitusnauðum kakóþurrefnum og 18% af kakósmjöri – þetta hlutfall skal reiknað út eftir að þyngd viðbótanna sem um getur í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá;

1.18 súkkulaðispæni, súkkulaðiflögur

súkkulaði í spænum eða flögum sem í er að minnsta kosti 32% samanlagt af kakóþurrefnum og þar af er 12% kakósmjör;

1.19 súkkulaði með gíandújahnetum (eða einhverju öðru úr „gíandúja“)

varan er annars vegar framleidd úr súkkulaði sem í er að minnsta kosti 32% samanlagt af kakóþurrefnum, þar af eru að minnsta kosti 8% fitusnauð kakóþurrefni, og hins vegar framleidd úr fínulduðum heslihetum þar sem í 100 g vörunnar eru ekki minna en 20 g og ekki meira en 40 g af hnetum. Heimilt er að bæta við möndlum, heslihetum og öðrum hnetutegundum, annaðhvort heilum eða í bitum, þó þannig að til samans, ásamt muldum heslihetunum, séu þær ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar;

1.20 hjúpsúkkulaði

súkkulaði sem inniheldur minnst 31% af kakósmjöri og 2,5% af fitusnauðum kakóþurrefnum; ef hjúpsúkkulaði er lýst sem „dökku hjúpsúkkulaði“ skal það innihalda minnst 31% af kakósmjöri og 16% af fitusnauðum kakóþurrefnum;

1.21 mjólkursúkkulaði

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, mjólk eða þurrmjólk sem fengin er með uppgufun, með eða án viðbótar af kakósmjöri og sem inniheldur, með fyrirvara um skilgreiningarnar á mjólkursúkkulaðispænum, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum og hjúpmjólkursúkkulaði:

— að minnsta kosti 25% samanlagt af kakóþurrefnum og þar af eru að minnsta kosti 2,5% fitusnauð kakóþurrefni;

— að minnsta kosti 14% af þurrmjólk sem fengin er með uppgufun og þar af eru að minnsta kosti 3,5% smjörfita;

— í mesta lagi 55% af súkrósa;

— að minnsta kosti 25% af fitu;

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá;

1.22 *rjómasúkkulaði*

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti, eða fituskertu kakódufti og súkrósa, úr mjólk eða þurrmjólk sem fengin er með uppgufun, með eða án viðbótar af kakósmjöri og inniheldur:

- að minnsta kosti 20% samanlagt af kakóþurrefnum og þar af eru að minnsta kosti 2,5% fitusnauð kakóþurrefni;
- að minnsta kosti 20% af þurrmjólk sem fengin er með uppgufun og þar af eru að minnsta kosti 5% smjörfita;
- í mesta lagi 55% af súkrósa;
- að minnsta kosti 25% fita;

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá;

1.23 *mjólkursúkkulaðispæni, mjólkursúkkulaðiflögur*

mjólkursúkkulaði í spænum eða flögum sem í er að minnsta kosti 20% samanlagt af kakóþurrefnum og að minnsta kosti 12% fita og þar af er að minnsta kosti 3% smjörfita og í mesta lagi 66% af súkrósa;

1.24 *mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum (eða einhverju öðru úr „gíandúja“)*

varan er annars vegar framleidd úr mjólkursúkkulaði sem í er að minnsta kosti 10% af þurrmjólk sem fengin er með uppgufun og hins vegar úr fínmuldum heslihnetum í slíku magni þannig að í 100 g af vörunni sé ekki minna en 15 g og ekki meira en 40 g af heslihnetum. Heimilt er að bæta við möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annaðhvort heilum eða í bitum, í slíku magni að til samans, ásamt muldu heslihnetunum, séu þær ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar;

1.25 *hjúpmjólkursúkkulaði*

mjólkursúkkulaði sem í er að minnsta kosti 31% af fitu;

1.26 *hvítt súkkulaði*

varan er án litarefna, framleidd úr kakósmjöri, súkrósa, mjólk eða þurrmjólk sem fengin er með uppgufun og inniheldur:

- að minnsta kosti 20% af kakósmjöri,
- að minnsta kosti 14% af þurrmjólk sem fengin er með uppgufun og þar af er að minnsta kosti 3,5% smjörfita,
- í mesta lagi 55% af súkrósa,

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá;

1.27 *fyllt súkkulaði*

með fyrirvara um gildandi ákvæði um þær fyllingar sem eru notaðar, varan sem fylling er í – fyrir utan sætabrauð, kökur og kex – sem er hjúpuð suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, súkkulaði með gíandújahnetum, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum, hjúpmjólkursúkkulaði eða hvítu súkkulaði sem er að minnsta kosti 25% af heildarþyngd vörunnar;

1.28 *súkkulaðikonfekt*

varan er einn munnbiti að stærð og er annaðhvort:

- fyllt súkkulaði eða
- blanda af suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, súkkulaði með gíandújahnetum, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum, hjúpmjólkursúkkulaði eða hvítu

súkkulaði sem blandað er öðrum neysluhæfum efnum, svo fremi að þeir hlutar sem eru úr súkkulaði sjáist greinilega, að minnsta kosti að hluta til, og séu að minnsta kosti 25% af heildarþyngd vörunnar eða úr blöndu af suðusúkkulaði, sætu suðusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, eða hjúpmjólkursúkkulaði og öðrum neysluhæfum efnum, fyrir utan,

- mjöl eða sterkju
- með fyrirvara um a-lið 2. mgr. 14. gr., feiti aðra en kakósmjör og mjólkurfitu,

að því tilskildu að súkkulaðið sé að minnsta kosti 25% af heildarþyngd vörunnar.

2. Einungis er heimilt að alkalisera kakóbaunir, kakókjarna, kakósalla, kakómassa, kakódeig, fituskert kakódeig, skrifupressað kakódeig, kakóduft og fituskert kakóduft með einum eða fleiri eftirfarandi efnum: alkalíkarbónötum, alkalíhýdroxíðum, magnesíumkarbónati, magnesíumoxíði, ammóníumlausnum, að því tilskildu að magn alkaliefna sem bætt er við, gefið upp sem kalíumkarbónat, sé ekki meira en 5% af þyngd fitusneydds þurrefnis.

Heimilt er að bæta sítrónusýru eða vínsýru sem ekki er meira en 0,5% af heildarþyngd vörunnar í vörur sem þannig eru meðhöndlaðar.

Hafi vara verið meðhöndluð á þann hátt sem lýst er hér að framan skal öskuinnihald ekki fara yfir 14% af fitusneydda þurrefninu.

3. a) Einungis er heimilt að nota eftirfarandi aðferðir við meðhöndlun á kakósmjöri:

- síun, skiljun í skilvindu og aðrar eðlisfræðilegar aðferðir sem almennt eru notaðar til að hreinsa burt slím;
- meðhöndlun með gufu undir þrýstingi og aðrar eðlisfræðilegar aðferðir sem almennt eru notaðar til að eyða lykt.

- b) Auk þess er heimilt að meðhöndla hreinsað kakósmjör á eftirfarandi hátt:

- með alkalískum efnum eða með áþekktum efnum sem almennt eru notuð til hlutleysingar;
- með einu eða fleiri eftirfarandi efnum:
 - bentóníti,
 - virkum kolum,
 - öðrum áþekktum efnum sem almennt eru notuð sem aflitunarefni.

4. Heimilt er að vörunnar sem taldar eru upp í 1. mgr. innihaldi í stað súkrósa:

- kristallaðan glúkósa (dextrósa), frúktósa, laktósa eða maltósa sem samanlagt er allt að 5% af heildarþyngd vörunnar og án þess að það þurfi að gefa það upp,
- kristallaðan glúkósa (dextrósa) í hlutfalli sem er meira en 5% en ekki yfir 20% af heildarþyngd vörunnar. Í þessu tilviki skal heiti vörunnar fylgja tilgreiningin „með kristölluðum glúkósa“ eða „með dextrósa“.

5. a) Heimilt er að bæta bragðgefandi hráefnum, náttúrulegum bragðefnum og gervibragðefnum sem að efna-samsetningu eru eins og helstu náttúruleg bragðefni (að undanskildum bragðefnablöndum sem gefa bragð sem líkist venjulegu súkkulaði eða mjólkurfitu) og etýlvanillíni við kakómassa, ýmsar tegundir kakódufts, suðusúkkulaði og mjólkursúkkulaði, hvítt súkkulaði og súkkulaðikonfekt.

b) með fyrirvara um ákvæði 7. mgr. skal tilgreiningin um þessa viðbót fylgja heitinu á:

- kakómassa, hjúpsúkkulaði og hjúpmjólkursúkkulaði;
- ýmsum tegundum af kakódufti, suðusúkkulaði og mjólkursúkkulaði, fyrir utan hjúpsúkkulaði og hvítt súkkulaði, þegar bragðið af bragðgefandi hráefnunum eða bragðefnunum er ríkjandi.

Tilgreiningin er gerð:

- þegar notað er bragðgefandi hráefni, með því að gefa upp nafnið á því,
- þegar önnur bragðefni en etýlvanillín eru notuð, með því að bæta við heitið „með ... bragði“, „með ... ilmi“, ásamt efnaheitinu með jafnstórum stöfum; tilvísun til náttúrlegs uppruna skal nota eingöngu um náttúrleg bragðefni,
- þegar etýlvanillín er notað, með „með etýlvanillín“ eða „með etýlvanillínbragði“.

6. Heimilt er að bæta við vörur sem taldar eru upp í 1. mgr., að undanskildum kakókjörnum, tæknilega hreinu jurtalesitíni með ekki hærra peroxíðtölu en 10 (gefið upp sem milljafngildi fyrir hvert kg).

Heiti vörunnar skal fylgja tilgreining um þessa viðbót og hundradshlutfall hennar, nema þegar lesitíni er bætt við hinar ýmsu tegundir súkkulaðis sem getið er um í liðum 1.16 – 1.28.

Vörur sem taldar eru upp í 1. mgr. mega innihalda mest 0,5% af fosfatíðum miðað við heildarþyngd þeirra; þó má auka þetta hlutfall að því er varðar ýmsar tegundir af kakódufti, rjómasúkkulaði og súkkulaðiþlögum í 1% og í 5% að því er varðar ýmsar tegundir kakódufts sem ætlað er til framleiðslu á skyndiblöndum, að svo miklu leyti sem ákvæði um það leyfa og að því tilskildu að veittar séu upplýsingar þar að lútandi á umbúðunum og í viðskiptaskjölum.

7. a) Með fyrirvara um a-lið 2. mgr. 14. gr. er heimilt að bæta neysluhæfum efnum, að undanskildu mjóli og sterkju, feiti og blöndum úr feiti sem ekki eru eingöngu úr mjólk, í suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, hjúpsúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hjúpmjólkursúkkulaði og hvítt súkkulaði.

Magn þessara efna með hliðsjón af heildarþyngd fullunninnar vöru má ekki vera:

- i) minna en 5% eða meira en 40% samtals ef því er bætt út í í vel sýnilegum og aðskildum stykkjum;
- ii) meira en 30% samtals ef því er bætt út í á þann hátt að í raun sé ekki unnt að greina í hvaða formi efnið er;
- iii) með fyrirvara um i-lið hér að framan, meira en 40% samtals ef því er bætt út í bæði í vel sýnilegum og aðskildum stykkjum og á þann hátt að í raun sé ekki unnt að greina í hvaða formi efnið er;

b) tilgreining um neysluhæf efni sem bætt er út í skal fylgja heiti súkkulaðivörunnar sem um getur í a-lið.

Slík tilgreining skal þó bönnuð að því er varðar:

- i) mjólk og mjólkurvörur, þegar fullunnin vara er ekki mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði eða hjúpmjólkursúkkulaði;
- ii) kaffi og áfengi, þegar magn þessara efna er minna en 1% af heildarþyngd fullunninnar vöru;

- iii) önnur neysluhæf efni sem blandað er saman við á þann hátt að í raun er ekki unnt að greina hvenær magn hvers þessara efna er minna en 5% af heildarþyngd fullunninnar vöru;
 - c) þegar um er að ræða fyllt súkkulaði og súkkulaðikonfekt skal viðbætta neysluhæfa efnið sem um getur í a-lið ekki talið með súkkulaðivörulutunum sem samkvæmt liðum 1.27 og 1.28 verða að vera minnst 25% af heildarþyngdinni.
8. Heimilt er að hjúpa suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hvítt súkkulaði, fyllt súkkulaði og súkkulaðikonfekt að hluta til með neysluhæfum efnum sem eru í mesta lagi 10% af heildarþyngd þess. Í þeim tilvikum:
- a) skulu hjúpefnin talin með í efri mörkunum 40% og 30% sem sett eru í a- og b-lið í 7. mgr.;
 - b) skulu lægri mörkin 25% sem sett eru fyrir innihald ýmissa tegunda súkkulaðis í fylltu súkkulaði og súkkulaðikonfekt gilda um heildarþyngd vörunnar, þar með talið hjúpinn.
-

II. VIÐAUKI

Sérstakar ráðstafanir varðandi nýju aðildarríkin

1. Þrátt fyrir 2. gr. þessarar tilskipunar skal Írland undanþegið því að beita ákvæðunum í 6. gr. um vörur sem settar eru á markað á yfirráðasvæði þess eins lengi og löglegu þyngdareiningarnar sem notaðar voru í landinu þegar það öðlaðist aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu eru leyfðar.
 2. a) Þrátt fyrir 2. gr. þessarar tilskipunar er nýju aðildarríkjunum heimilt, fram til 31. desember 1977, að viðhalda, fyrir þær vörur sem settar eru á markað á yfirráðasvæðum þeirra, þeim landslögum sem voru í gildi þegar þau öðluðust aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu og leyfa notkun á
 - fosfórsýru sem hlutleysi fyrir kakóvörur sem eru alkalíseraðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. I. viðauka;
 - bragðefnum öðrum en þeim sem um getur í a-lið 5. mgr. I. viðauka í kakó- og súkkulaðivörum sem um getur í þeirri málsgrein;
 - pólýglýserólþólýsínólati, sorbítanmónósterati, sorbítantrísterati, pólýóxyetýleni (20) sorbítanmónósterati og ammóníumsöltum úr fosfatsýrum í kakó- og súkkulaðivörum sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. I. viðauka.
 - b) Samkvæmt þeirri málsmæðferð sem mælt er fyrir um í 100. gr. sáttmálans er ráðinu heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, eigi síðar en 1. janúar 1978, að bæta efnum sem getið er í a-lið við I. viðauka.

Eingöngu er heimilt að samþykkja ákvörðun um að bæta þessum efnum við I. viðauka ef vísindarannsóknir hafa staðfest að þau séu ekki skaðleg heilsu manna og ef notkun þeirra er nauðsynleg af efnahagslegum ástæðum.
-